

18. JANÚAR  
2024

HARPA  
ELDBORG

# Myndir á sýningu

GUL TÓNLEIKARÖÐ



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# Velkomin

---

Vinsamlegast hafið slökkt  
á farsímum meðan á  
tónleikum stendur.

---

Tónleikagestir eru beðnir um  
að klappa aðeins í lok tónverka.

---

## Tímalengd verka

Fjórir dansar úr Estancia 14'

DANCE 25'

Myndir á sýningu 35'

**Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1.**

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube  
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna  
lagalista með allri tónlist starfsársins.

# Myndir á sýningu

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 18. JANÚAR KL. 19:30

## Sinfóníuhljómsveit Íslands

### Emilia Hoving

hljómsveitarstjóri

### Senja Rummukainen

einleikari

## Alberto Ginastera

Fjórir dansar úr Estancia (1943)

Los trabajadores agrícolas

Danza del trigo

Los peones de hacienda

Danza final – Malambo

## Anna Clyne

DANCE, sellókonsert (2019)

When you're broken open

If you've torn the bandage off

In the middle of the fighting

In your blood

When you're perfectly free

## Hlé

### Modest Músorgskij

Myndir á sýningu (úts Maurice Ravel) (1874/1922)

Göngustef

Dvergurinn

Göngustef

Gamli kastalinn

Göngustef

Tulieres-garðarnir

Uxakerran

Göngustef

Dans kjúklinganna í egginu

Tveir pólskir gyðingar

Markaðstorgið í Limoges

Katakomburnar: Cum mortis in lingua mortua

Nornakofinn

Hliðið mikla við Kænugarð

For information in English  
about tonight's programme,  
please visit the Iceland  
Symphony Orchestra website:  
[en.sinfonia.is](http://en.sinfonia.is).



# Emilia Hoving

## HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Emilia Hoving (1994) kemur frá Finnlandi og er rísandi stjarna þar í landi. Hún lærði við Síbelíusarakademíuna í Helsinki þar sem Jorma Panula var á meðal kennara hennar í hljómsveitarstjórn. Árið 2019 gegndi hún stöðu aðstoðarmanns Hannu Lintu, stjórnanda Finnsku útvarps-hljómsveitarinnar og aðstoðaði einnig Mikko Frank, stjórnanda Frönsku útvarpshljómsveitarinnar frá 2020 til 2022. Hún hljóp í skarðið fyrir báða í mikilvægum verkefnum sem komu henni á kortið og fleiri tækifæri fylgdu í kjölfarið.

Árið 2021 vann hún til finnsku gagnrýndaverðalaunanna sem besti nýliðinn í listaheiminum og var talin meðal þeirra ungu hljómsveitarstjóra sem mest er vænst af.

Hún hefur stjórnað Konunglegu fílharmóníusveitinni í Stokkhólmi, Fílharmóníuhljómsveit Lúxemborgar, Sinfóníuhljómsveit BBC og Þjóðarhljómsveitinni í Lille í Frakklandi auk þess sem hún hefur komið fram með Fílharmóníuhljómsveitinni í Helsinki. Sumarið 2022 kom hún í fyrsta skipti fram í Tókýó þar sem hún stjórnaði Sinfóníuhljómsveit Yomiuri Nippon og í Englandi þar sem hún stjórnaði Konunglegu bresku Fílharmóníuhljómsveitinni. Hún kom einnig í fyrsta skipti fram í Ástralíu það ár.

Á þessu starfsári er mikið um að vera hjá Emiliu Hoving. Þar á meðal mun hún koma fram með Sænsku útvarps-hljómsveitinni, Sinfóníuhljómsveit Gautaborgar, Norsku útvarpshljómsveitinni, Fílharmóníuhljómsveit hollenska útvarpsins, Konunglegu bresku Fílharmóníuhljómsveitinni, Tonkünstlerhljómsveitinni í Vínarborg, Sinfóníuhljómsveit Bournemouth og Sinfóníuhljómsveitinni á Tenerife – og auðvitað Sinfóníuhljómsveit Íslands. Á þessu starfsári tekur hún einnig þátt í starfi Fílharmóníuhljómsveitarinnar í Helsinki þar sem hún mun taka þátt í stjórna flutningi verka finnskra tónskálda frá síðustu öld sem legið hafa í láginni.



# Senja Rummukainen

## Einleikari

Senja Rummukainen (1994) vakti fyrst athygli þegar hún hlaut fyrstu verðlaun í sellókeppninni í Turku árið 2014. Hún komst skömmu síðar í úrslit í alþjóðlegu Guilhermina Suggia-keppninni í Portúgal og í úrslit í alþjóðlegu Tsjajkovskíj keppninni árið 2019; þar með var hún svo sannarlega komin á kortið.

Senja Rummukainen hefur verið nemandi ýmissa þekkra sellóleikara, nú síðast Jens Peter Maintz við tónlistarháskólann í Berlín en þar áður Marko Ylönen, Taru Aarnio, Truls Mørk og Young-Chang Cho. Hún hefur komið víða fram sem einleikari, meðal annars með Sinfóníuhljómsveit BBC, hljómsveit Marinskíj-leikhússins í Sankti Pétursborg og Fílharmóníuhljómsveitinni í Kraká og öllum helstu hljómsveitum Finnlands: Fílharmóníuhljómsveitinni í Helsinki, Fílharmóníuhljómsveitinni í Tampere, Sinfóníettu Tapíóla og Fílharmóníuhljómsveitinni í Turku. Hún hefur starfað með hljómsveitarstjórum eins og Sakari Oramo, Nicholas Collon, Leif Segerstam, Jonathon Heyward, Dima Slobodiniouk og Jorma Panula, bæði innan Finnlands og utan.

Senja Rummukainen hefur líka verið ötull flytjandi kammer-tónlistar og er mjög þekkt í því hlutverki innan Finnlands. Hún hefur tekið þátt í helstu kammertónlistarhátíðum landsins, t.d. kammertónlistarhátíðinni í Kuhmo og tónlistarhátíðunum í Turku og Uleå. Hún hefur einnig verið listrænn stjórnandi Kamerikesä-hátíðarinnar í Helsinki. Árið 2022 kom hún fram á Klassísku vorhátíðinni í Vevey í Sviss, sem er helguð því að koma ungum tónlistarmönnum á framfæri. Á starfsárinu 2023–2024 kemur hún meðal annars fram með Sinfóníuhljómsveit Gautaborgar, Fílharmóníuhljómsveitinni í Malaga – og Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Sellíóð sem hún leikur á er smíðað af Giovanni Grancino árið 1698. Hljóðfærið er í eigu Finnska listasjóðsins sem hefur það hlutverk að styðja við framgang listgreina, jafnt tónlist sem myndlist.



# Alberto Ginastera

## FJÓRIR DANSAR ÚR ESTANCIA

Árið 1941 pantaði umboðsmaður ballettflokksins American Ballet Caravan, verk frá argentínska tónskáldinu Alberto Ginastera (1916–1983). Útkoman var ballettinn *Estancia*, sem þýðir nautgripabúgarður á argentínski spænsku. Í verkinu eru vísanir í gaucho- menningu sem tengist lífi nautahirðanna á sléttum landsins, tónlist þeirra og dansa. Skömmu síðar hætti dansflokkurinn svo aldrei varð úr að hann flytti ballettinn. Ginastera samdi því fjögurra þátta svítu upp úr honum sem var frumflutt árið 1943 en ballettinn sjálfur var ekki sýndur fyrr en árið 1952.

Hér segir frá strák úr borginni sem verður ástfanginn af dóttur búgarðseiganda. Stúlkunni finnst lítið varið í hann í fyrstu samanborðið við hina hugdjörfu kúreka. Undir lok verksins hefur hann þó unnið ástir hennar eftir að hafa sigrað þá í danskeppni. Sagan gerist öll á einum degi, frá sólarupprás og fram á kvöld. Ginastera sækir innblástur í ljóðabálk argentíska ljóðskáldsins José Hernández frá 1870 sem fjallar um breytingar sem urðu á lífi fólks í dreifbýlinu vegna mikilla átaka innanlands, lífið sem áður hafði verið einfalt og gott var horfið. Tónlistin sem einkenndi menningu gauchoanna varð Ginastera ekki síður innblástur.

Fyrsti þátturinn „Los trabajadores agricolas” lýsir því þegar landbúnaðarverkamennirnir koma í bæinn. Hér eru málmblásarar áberandi og sömuleiðis taktbreytingar og trommusláttur sem sækir í hefð gaucho-menningarinnar. Næstur er hveitidansinn sem er hægur og hugljúfur þar sem flauta og fiðla eiga fallegar sólólínur. Í þriðja þætti eru starfsmenn nautabúsins komnir á stjá. Þar eru taktskipti áberandi, takturinn ýmist tví- eða þrískiptur, og málmblásarar og ásláttarhljóðfæri sömuleiðis. Allt endar í miklu fjöri í lokadansinum á búgarðinum og tónlistin er litrík og fjörug eins og við er að búast.

### Tónlistin á Íslandi

Fyrirhugað var að flytja *Estancia*, ballettsvítuna eftir Alberto Ginastera á tónleikum Sinfóníu- hljómsveitarinnar í apríl árið 2021 en þeir tónleikar féllu niður vegna heimsfaraldursins og því hljómar verkið í fyrsta sinn í flutningi SÍ í kvöld.



### Tónlistin á Íslandi

Sellókoncertinn DANCE eftir Önnu Clyne hljómar í fyrsta skipti hér á landi í Eldborg Hörpu nú í kvöld.

# Anna Clyne

## DANCE

Anna Clyne (1980) er enskt tónskáld sem hefur búið í New York um nokkurt skeið og unnið vítt og breytt um veröldina. Hún hefur starfað með ýmsum hljómsveitum og tónlistarmönnum, þar á meðal Björk, en einnig dönsurum og kvikmyndagerðarmönnum. Verk hennar hafa víða verið flutt og hún hefur starfað í samvinnu við margar helstu hljómsveitir og listastofnanir heims. Þar má nefna Barbican-miðstöðina í London, Carnegie Hall í New York, Fílharmóníuhljómsveitina í Los Angeles, Nútímalistasafnið í New York, Fílharmóníuhljómsveit Parísar, Konunglegu Concertgebouw-hljómsveitina í Amsterdam, Ballettinn í San Francisco og óperuhúsið í Sídney. Á þessu starfsári er hún staðarlistamaður hjá Fílharmóníuhljómsveitinni í Helsinki, Fílharmóníuhljómsveit BBC og víðar.

Sellókoncertinn *DANCE* var frumfluttur árið 2019 og hefur hlotið fádæma góðar móttökur. Gagnrýnendur tóku honum einstaklega vel og gagnrýnandi Gramophone sagði um hann eftir frumflutninginn: „Ég man ekki hvenær ég táraðist síðast yfir samtímaverki“. Hann hefur fengið yfir 10 milljón spilanir á Spotify sem verður að teljast nokkuð gott fyrir verk af klassískum toga.

*DANCE* er í fimm þáttum og sækir innblástur í ljóð persneska ljóðskáldsins Rūmī sem var uppi á 13. öld. Ljóðið er aðeins fimm braglínur og hver þeirra hefst á orðinu dans. Anna Clyne hefur kosið að sleppa fyrsta orðinu í kaflaheitunum endar vísar titill verksins til þess að dansinn sé allt um lykjandi. Verkið er yfirlætislaust og fallegt og býr yfir mikilli tilfinningalegri dýpt. Það er innhverft á köflum en einnig kraftmikið og ágengt. Hér má heyra margar hrífandi fagr laglínur og fjölbreytt litbrigði í hljómsveitinni. Kaflarnir eru mjög ólíkir, ýmist dreymandi eða kraftmiklir þar sem hrynurinn er ágengur og einkennandi.

Anna Clyne tileinkar verkið föður sínum, Leslie Clyne.





# Modest Músorgskíj

## MYNDIR Á SÝNINGU

Modest Músorgskíj (1839–1881) var eitt helsta tónskáld Rússa á rómantíska skeiðinu og var framarlega í hópi tónskálda sem kallaðir voru „Hinir fimm“ eða Fimmmenningarnir. Þetta voru Balakiref, Cui, Rimskíj-Korsakof og Borodin auk hans sjálfs. Allir bjuggu þeir í Sankti Pétursborg og unnu saman á árunum 1856–1870.

Músorgskíj lagði mikla áherslu á að rússneskir listamenn leituðu í þjóðlegar hefðir; þjóðlög, rússneska sögu og þjóðsagnaarf fremur en til Vesturlanda. Lengi vel voru verk Músorgskíjs helst þekkt í útsetningum og búningi annarra tónskálda þar sem sérkennilegustu – þ.e. þjóðlegustu – einkennin voru sniðin af. Það var ekki fyrr en á seinni hluta 20. aldar sem verkin fóru að heyrast í sinni upprunalegu mynd.

Vinur hans, arkitektinn, listmálarinn og hönnuðurinn Viktor Hartmann, leitaði einnig í rússneskan arf í sinni listsköpun. Eftir dauða hans var haldin yfirlitssýning með verkum hans sem urðu Músorgskíj uppspretta fyrir *Myndir á sýningu* sem hann samdi í minningu vinar síns árið 1874. Það er upphaflega fyrir píanó en þótti strax erfitt og illa fallið til píanóleiks. Verkið er því mun þekktara í hljómsveitarbúningi Maurice Ravel frá 1922. Músorgskíj vann verkið út frá tíu teikningum og vatnslitamyndum sem sumar hverjar eru enn þekktar. Inni á milli þáttanna má heyra göngustef sem leiðir áhorfandann – og áheyrandann um leið – á milli verkanna. Það hljómar einnig innan sumra þátta þar sem það er samslungið öðrum stefnum. Staldráð er við myndir sem tendra ímyndunaraflið með vísunum í ævintýri, þjóðsögur og sögufræga staði.

Útsetning Maurice Ravel fyrir símfóníuhljómsveit er snilldarleg og bætir enn einni vídd í þetta stórbrötna verk.



**Dvergurinn:** Fyrsta myndin er af leikfangahnotubrjót sem sýnir skakkan og skældan dverg. Tónlistin er draugaleg og vísar í þjóðlegan sagnaarf þar sem dvergar eru algengt minni.

**Gamli kastalinn:** Við sjáum miðaldakastala og framan við hann stendur trúbadúr og syngur. Hér hljómar ítalskur dans, siciliano og Ravel hefur gefið trúbadúrnum rödd altsaxófónsins sem var nýjung í sinfóníuhljómsveitum í upphafi 20. aldarinnar.

**Jardin des Tulieres:** Á myndinni úr Tulieriesgarðinum í París eru börn að leik eins og og glögggt má heyra.

**Uxakerran:** Mynd Hartmanns sýnir pólska uxakerru. Ravel fylgir ekki fyrirmælum Músorgskijs úr píanógerð verksins um að leikið sé sterkt allan tímann. Við heyrum kerruna nálgast úr fjarlægð og styrkur tónlistarinnar vex smám saman.

**Dans kjúklinganna í egginu:** Á mynd Hartmanns eru dansarar í búningum hinna ófæddu kjúklinga. Þetta er hluti balettsins *Trilby* sem byggir á samnefndri skáldsögu sem fleiri ballettar hafa verið samdir eftir.

**Tveir pólskir gyðingar:** Við heyrum tvo gyðinga takast á. Annar er ríkur, hinn fátækur. Sá ríki er glæsilegur eins og heyrir í tónlistinni, sá fátæki óttasleginn.

**Markaðstorgið í Limoges:** Is og þys á markaðstorginu er efni myndarinnar. Æsingurinn hverfur eins og dökk fyrir sólu þegar næsta mynd nálgast þar sem dauðinn er myndefnið.

**Katakomburnar – Cum mortis in lingua mortua (Meðal dauðra á máli hinna dauðu):** Þrír menn í grafhvelvingum Parísarborgar bregða ljósi á vegg hlaðinn úr hauskúpum. Við heyrum hvernig Ravel notar málmblasturshljóðfærin til að draga upp drungalega stemmningu.

**Nornakofinn:** Hér gefur að líta teikningu af kofa sem er eins og gauksklukka á hænsnafótum. Hann er þekkt þjóðsagnaminni og það er einnig nornin Baba Jaga sem í kofanum býr. Hún minnir bæði á Grýlu og nornina í Hans og Grétu þar sem hún flýgur um loftin og safnar saman börnum og færir í kofann sinn.

**Hliðið mikla við Kænugarð:** Hartmann teiknaði stórt og tilkomumikið borgarhlið þar sem sjá má rússnesk næpulaga þök. Hliðið var aldrei byggt en lifir í verki Músorgskijs. Tónlistin er tignarleg og hér má heyra óm af rússneskum kirkjusöng og klukkna hlóm.

### Tónlistin á Íslandi

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur leikið Myndir á sýningu nokkrum sinnum, ýmist í heild eða hluta verksins. Fyrsti flutningur hljómsveitarinnar var undir stjórn Páls P. Pálssonar árið 1964 og síðast var það flutt í nóvember árið 2017 undir stjórn Yan Pascal Tortelier.

En fleiri hljómsveitir hér á landi hafa spreytt sig á því. Sinfóníuhljómsveit æskunnar flutti það í útsetningu Leo Funtek árið 1996 undir stjórn Petri Sakari, Sinfóníuhljómsveit unga fólksins flutti Myndir á sýningu í útsetningu Ravels á Þjóðlagahátíð á Siglufirði 2006 og Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands flutti verkið í Eldborg í Hörpu árið 2014.

*Ingibjörg Eyþórsdóttir*

# Sinfóníuhljómsveit Íslands

## 1. fiöla

Una Sveinbjarnardóttir  
Zbigniew Dubik  
Helga Þóra Björgvinsdóttir  
Pálína Árnadóttir  
Margrét Kristjánsdóttir  
Bryndís Pálsdóttir  
Júlíana Elín Kjartansdóttir  
Lin Wei  
Pétur Björnsson  
Andrzej Kleina  
Sólveig Steinþórsdóttir  
Joanna Bauer  
Emma Garðarsdóttir

## 2. fiöla

Páll Palomares  
Hekla Finnsdóttir  
Guðbjartur Hákonarson  
Justyna Bidler  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Kristján Matthíasson  
Hlín Erlendsdóttir  
Gróa Margrét Valdimarsdóttir  
Dóra Björgvinsdóttir  
Ingrid Karlsdóttir

## Víóla

Þórunn Ósk Marinósdóttir  
Þórarinn Már Baldursson  
Svava Bernharðsdóttir  
Anna Elísabet Sigurðardóttir  
Kathryn Harrison  
Herdís Anna Jónsdóttir  
Sarah Buckley  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Úlfhildur Þorsteinsdóttir

## Selló

Sigurgeir Agnarsson  
Steiney Sigurðardóttir  
Sigurður Bjarki Gunnarsson  
Bryndís Björgvinsdóttir  
Guðný Jónasdóttir  
Urh Mrak  
Bryndís Halla Gylfadóttir  
Margrét Árnadóttir

## Bassi

Xun Yang  
T.C. Fitzgerald  
Þórir Jóhannsson  
Hávarður Tryggvason  
Richard Korn  
Jacek Karwan

## Flauta

Astrid Bjelland  
Áshildur Haraldsdóttir  
Martial Nardeau

## Óbó

Julia Hantschel  
Peter Tompkins  
Matthías Nardeau

## Klarínnett

Arngunnur Árnadóttir  
Grímur Helgason  
Baldvin Ingvar Tryggvason

## Saxófónn

Sigurður Flosason

## Fagott

Clara Manaud  
Hrafn Marinó Thorarensen  
Brjánn Ingason

## Horn

Stefán Jón Bernharðsson  
Asbjörn Ibsen Bruun  
Emil Friðfinnsson  
Joseph Ognibene  
Maximilian Riefellner

## Trompet

Monika Holst-Olsen  
Joris De Rijbel  
Eiríkur Örn Pálsson  
Guðmundur Hafsteinsson

## Básúna

Jón Arnar Einarsson  
Sigurður Þorbergsson

## Bassabásúna

David Bobroff

## Túba

Tom Yaron Meyerson

## Harpa

Katie Buckley

## Píanó/Selesta

Mathias Halvorsen

## Pákur

Soraya Nayyar

## Slagverk

Steeff van Oosterhout  
Frank Aarnink  
Eggert Pálsson  
Kjartan Guðnason  
Katerina Anagnostidou

Lára Sóley Jóhannsdóttir  
*framkvæmdastjóri*  
Valdís Þorkeldsdóttir  
*viðburða- og skipulagsstjóri*  
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað  
*verkefnastjóri viðburða*  
Hjördís Ástráðsdóttir  
*fræðslustjóri*  
Dagrún Hálfánardóttir  
*mannauðsstjóri*

Jökull Torfason  
*verkefnastjóri dagskrárgerðar*  
Margrét Ragnarsdóttir  
*markaðs- og kynningarstjóri*  
Kristín Björg Björnsdóttir  
*markaðsfulltrúi*  
Svanhvit Hrólfsdóttir  
*fjármálastjóri*

Kristbjörg Clausen  
*nótnavörður*  
Cameron Anderton  
*umsjónarmaður nótna*  
Sigþór J. Guðmundsson  
*verkefnastjóri sviðs- og tæknimála*  
Björk Björgúlfsdóttir  
*sviðs- og tæknimaður*

# Á döfinni

25.01 FIMMTUDAGUR  
Kl. 19:30



## Jónas Ásgeir og Gjørningaklúbburinn

Á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á Myrkum músikdögum 2024 fá tónleikagestir að upplifa nýstárlegt verk Gjørningaklúbbsins, Flökkusinfónu, sem býður upp á „abstrakt ferðalag þvert á tungumál þar sem flökkutaugin, samkenndartaug líkamans er virkjuð.“ Við gerð þessa verks fengu þær Eirún Sigurðardóttir og Jóní Jónsdóttir tónskáldin Unu Sveinbjarnardóttur og Ólaf Björn Ólafsson til liðs við sig ásamt einvala liði kvikmyndagerðarfólks, dansara, leikara og fimleikafólks.

Á fyrri hluta tónleikanna er íslensk samtímatónlist í aðalhlutverki. Jónas Ásgeir Ásgeirsson harmonikkuleikari vann Íslensku tónlistarverðlaunin sem flytjandi ársins síðasta vor, en hann hefur vakið mikla athygli hér heima og erlendis fyrir virtúósisík tæk sín á hljóðfærinu og framúrskarandi túlkun á nýrri tónlist. Hér leikur hann tvo ólíka og hrífandi konserta með hljómsveitinni, annars vegar verk Þuríðar Jónsdóttur, Installation around a Heart og hins vegar harmonikkukonsert Finns Karlssonar. Tónleikarnir hefjast hins vegar á nýju verki Bergrúnar Snæbjörnsdóttur, Striations, sem pantað var af Sinfóníuhljómsveitinni í Birmingham árið 2022.

08.02 FIMMTUDAGUR  
Kl. 19:30



## Mendelssohn og Beethoven

Ísraelski fiðluleikarinn Vadim Gluzman er meðal fremstu fiðluleikara samtímans og þekktur fyrir að blása nýjum lífsanda í verk frá gullöld fiðlubókmenntanna á 19. og 20. öld. Á þessum tónleikum leikur hann hinn sívinsæla fiðlukonsert Mendelssohns í e-moll, þann síðasta sem Mendelssohn lauk við á sinni skömmu ævi. Sinfónía Beethovens nr. 8 er ein af hans fjörmestu tónsmíðum, full af gleði og gáska, og taldi Beethoven sjálfur hana meðal sinna bestu verka.

Til viðbótar við þessi þýsku öndvegisverk frá 19. öld hljóma á tónleikumunum tvö bandarísk verk af nýstárlegri toga. Það eru Sinfónía nr. 3 eftir Charles Ives sem samin var árið 1904 en lá í skúffu tónskáldsins í ríflega 40 ár áður en hún var frumflutt og verk eftir Caroline Shaw fyrir strengjasveit, innblásið af menúetti eftir Haydn og kallast skemmtilega á við hefð Vínarklassíkurrinnar.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# Grosvenor leikur Busoni

1. FEBRÚAR

*Píanókonsert* Busonis er eitt stórbrotnasta verk sinnar tegundar.

Því er einstaklega ánægjulegt að einn fremsti píanóleikari samtímans, hinn breski Benjamin Grosvenor, leiki verkið í Eldborg með Sinfóníuhljómsveit Íslands og karlakórnum Fóstbræðrum.

Á undan þessum stærsta píanókonserti sögunnar hljómar meistaraverk Prokofíevs, *Klassíska sínfónían*, sem endurómar fagurfræði 18. aldar og gefur hvergi eftir í hugmyndaauðgi og snilldarlegu handbragði.

Hljómsveitarstjóri Kornilios Michailidis

MÍÐASALA Í HÖRPU OG Á SINFONIA.IS